

Til bæjarráðs og bæjarstjórnar Mosfellsbæjar

Kjarna

270 Mosfellsbæ

Mosfellsbæ 23. september 2009

Stjórn Varmársamtakanna fer hér með fram á það við bæjarstjórn Mosfellsbæjar að forseti bæjarstjórnar, Karl Tómasson, verði víttur fyrir ósæmileg skrif hans sjálfs og félaga hans á hans ábyrgð á blogginu, sl. tvö og hálf ár. Við teljum að með þessari hegðun hafi Karl brugðist trúnaði sem fulltrúi bæjarbúa í bæjarstjórn Mosfellsbæjar. Frá stofnun bloggsíðunnar Ktomm.blog.is hefur Karl, samstarfsfólk hans á Mosfellingi og aðrir félagar veist að íbúum sveitarfélagsins, félagasamtökum og þekktum persónum í íslensku þjóðlífi á þann hátt sem hvorki sæmir fulltrúa í bæjarstjórn, né manni sem gegnir æðstu ábyrgðarstöðu sveitarfélagsins.

Í skrifum á bloggi Karls hefur ekki einungis verið vegið að mannorði einstaklinga með rangfærslum, undirliggjandi hótunum og ærumeiðingum, heldur einnig grafið undan lýðræðislegum gildum samfélagsins, pólitískir fulltrúar verið lítilsvirtir fyrir skoðanir sínar og vegið að félagafrelsi með því að gera starfsemi Varmársamtakanna, sem eru samtök íbúa í Mosfellsbæ, tortryggilega á opinberum vettvangi.

Samtökin krefjast þess enn fremur að Karl Tómasson biðji afsökunar á aðför sinni að Varmársamtökunum, íbúum og samstarfsfólki í bæjarstjórn Mosfellsbæjar og þeim þjóðþekktu einstaklingum sem orðið hafa fyrir aðkasti, ellegar verði honum gert að víkja úr sæti forseta bæjarstjórnar Mosfellsbæjar.

Stjórn Varmársamtakanna óskar eftir því að samtökunum verði gerð skrifleg grein fyrir meðferð málsins og lyktum þess hjá bæjarstjórn og bæjarráði Mosfellsbæjar.

Í viðhengi er texti af bloggi Karls til staðfestingar á þeim ávirðingum sem hér eru settar fram.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar Varmársamtakanna

Sigrún Pálsdóttir, formaður

Reykjabyggð 32

270 Mosfellsbæ

S. 866 9376

Netfang: varmarsamtokin@gmail.com